

verið öllum stefnt við áfryjun þessa, sérstaklega eigi erfingjanum Boga Magnússen, sem þó er heimilisfastur hér á landi, sbr. lög 2. oktbr. 1895. Þar sem nú eigi hefir verið mætt í yfirdóminum af búans hálfu eða erfingjanna, ber því ex officio að frávísa máli þessu.

Því dæmist rétt vera:

Áfryjunarstefnunni vísast frá yfirdóminum.

Nr. 44/1903:

Einar Hjörleifsson
gegn
Lárusi H. Bjarnason

D ó m u r:

Í máli þessu, sem höfðað var í héraði af sýslumanni Lárusi H. Bjarnason gegn ritstjóra Einari Hjörleifssyni út af meiðyrðum í grein einni með fyrirsögninni: »Lárus skiftir bú«, er stóð í 60. tbl. XXVIII, árgangs blaðsins »Ísafoldar«, útkomnu 28. ágúst 1901, var dómur uppkveðinn í aukarétti Akureyrarkaupstaðar 21. apríl 1903 á þá leið, að ýms átalín orð og ummæli greinarinnar voru dæmd dauð og marklaus, og að ritstjóri Einar Hjörleifsson var dæmdur í 50 kr. sekt til landssjóðs fyrir þau, eða til vara til að sæta 15 daga einföldu fangelsi, ef sektin eigi öll greiddist innan ákveðins tíma; svo skyldi hann og greiða 12 kr í málskostnað. — Þessum dómi hefir ritstjóri Einar Hjörleifsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgef-

inni 26. septbr. f. á., og hefir hann fengið konungsleyfi til að leggja fram ný skjöl og skilríki í málinu; hann hefir nú gert þær réttarkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt þannig, að áfrýjandi verði dæmdur alsýkn í málinu, og að Lárus H. Bjarnason verði dæmdur til að greiða málskostnað fyrir báðum réttum. Af sinni hálfu hefir stefndi, sýslumaður Lárus H. Bjarnason, krafist þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að honum verði tildæmdur hæfilegur málskostnaður fyrir yfirdómi.

Í áminstri grein í blaðinu »Ísafold« er meðferð stefnda sem skiftaráðanda á dánarbúi einu gjörð að umtalsefni á þann hátt, að hann hefir talið það ærumeiðandi fyrir sig. Ummæli þau í greininni, sem héraðsdómurinn hefir talið meiðandi og dæmt ómerk — en þau ein koma nú til álita fyrir yfirdómi — eru þessi: »að fletta ofan af atferli hans (þ: stefnda) sem skiftaráðanda í dánarbúi fyrirrennara hans í embættinu«. »Að hann, skiftaráðandinn sjálfur, mundi fara að hafa af búinu«. »Meðan óséd var, hverjar ráðstafanir þeir læknir og prestur gjörðu til þess að afla sér húsnaðis, dró sýslumaður málið á langinn, þóttist að sönnu ætla að kaupa húsið, en vera neyddur til að fresta kaupunum fyrir peningapröng, og gjörði auðvitað enga gangskör að því að fá annan kaupanda. En þegar þessir embættismenn, læknirinn og presturinn, höfðu ráðið af að reisa sér hús sjálfir, lét sýslumaður það loks uppi á skiftafundi í búinu, að ekkert boð hefði komið í húseignina«; að »hann (sýslumaður) hafi fengið hrundið frá atkvæðagreiðslu um málið einum af umboðsmönnum þeirra, er að búinu stóðu, líklega vegna vitneskju

um, að sá umboðsmaður væri sér andvígur«; og »þó að ótrúlegt sé, fékk hann hina umboðsmennina, tvo borgara í Sykkishólmi, til þess að fallast á þessa kröfu sína. Það er nokkur bending, og hún ekki sem fegurst, um ástandið þar vestra«; »út af þessu, að hann getur ekki svipt búið 1000 krónum, verður Lárus svo æfur«; »í stað þess rær hann öllum árum að því, að búið missi 1000 krónur«; »Fyrir þetta hellir nú Lárus yfir hann ókvæðisorðum í hverri Þjóðólfsgreininni eftir aðra, — fyrir það, að prófastur hefir ekki viljað hilma yfir atferli hans, jafn-óskaplegt og það hefir verið«; og »ekki lætur troða réttlætið undir fótum«; og »að fá Lárus rekinn frá embætti fyrir þessar aðfarir«; og »að hann hafi ekki ástæðu til að óttast núverandi yfirboðara sína. Það talast væntanlega svo til milli hans og þeirra, að engin hætta er á rekistefnu, þó að eitthvað kunni að koma upp úr kafinu, sem blaðamönnum og öðrum embættisleysingjum kann að þykja kynlegt«.

Þessi ummæli greinarinnar, sem hér hafa verið tilgreind, miða að því, og eiga að réttlætast við það, að stefndi hafi sem skiftaráðandi í áðuráminstu dánarbúi lagt kapp á það, að fá keypta húseign búsins fyrir 7000 kr., þótt í hana hafi verið boðið frá annari hálfu 8000 kr. Það virðist og nægilega sannað með gögnum þeim, sem fram eru komin í málinu, að stefndi hafi lagt kapp á þetta, bæði meðan hann enn var skiftaráðandi búsins, og einkanlega eftir að hann vék sæti sem skiftaráðandi í því, enda lýsti hann þá húsinu svo, sem það væri í laklegu ástandi og eigi einu sinni 7000 kr. virði, sbr. bréf hans til Thomsens

kaupmanns 9. ágúst 1896. Af bréfi yfirboðara hans, amtmannsins í Vesturamtinu, dags. 6. okt. 1896, sést, að amtmanni hefir verið þetta kunnugt, að honum hefir mislíkað það, og að hann hefir álitid þetta atferli rangt. Amtmaður kemst þar meðal annars svo að orði: »Það er merkilegt að L. B. (stefndi) skuli ekki finna til þess, að hann sem skiftaráðandi á fyrst og fremst að líta á hagsmuni bús þess, sem hann hefir til meðferðar; í stað þess rær hann öllum árum að því, að búið missi 1000 kr.« Í grein þeirri, sem er sakarefni, er nú þessi meðferð stefnda á búinu átalín, og verður eigi með tilliti til þess, sem fram er komið í málinu lútandi að henni, álitid, að greinin sé í heild sinni of nærgöngul stefnda, eða að öll hin átöldu ummæli verði talin meiðandi fyrir hann, svo að við lög varði. Þessi ein ummæli greinarinnar þykja svo móðgandi og meiðandi fyrir stefnda, að áfryjandi verður að sæta ábyrgð fyrir þau. »Fyrir þetta hellir nú Lárus (stefndi) yfir hann ókvæðisorðum í hverri Þjóðólsgreininni eftir aðra fyrir það, að prófastur hefir ekki viljað *hylma yfir atferli hans, jafn-óskaplegt og það hefir verið*«; og »ef hann (s: amtmáður) hefði gjört gangskör að því, að fá Lárus rekinn frá embætti fyrir þessar aðfarir«. Og með því að þessi ummæli hafa eigi verið nægilega réttlætt, verður að ómerkja þau, og dæma áfryjanda í sekt fyrir þau. Þykir sektin hæfilega ákveðin eftir 219. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, 30 kr., er renni í landssjóð, og komi í stað hennar 8 daga einfalt fangelsi, ef hún greiðist ekki öll innan ákveðins tíma. Um málskostnað í héraði skal bæjarþingsdómurinn

vera óraskaður. Eftir þessum úrslitum sakarinnar verður áfrýjandi og að greiða málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðst 15 kr.

Því dæmist rétt vera:

Hin framangreindu ummæli skulu vera dauð og ómerk. Áfrýjandi, Einar ritstjóri Hjörleifsson, greiði 30 króna sekt til landssjóðs eða sæti einföldu fangelsi í 8 — átta — daga, ef sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma. Um málskostnað í héraði skal bæjarþingsdómurinn vera óraskaður og skal áfrýjandi einnig greiða málskostnað fyrir yfirdómi, að upphæð 15 kr.

Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 5. septembermán.

Nr. 17/1904:

Lárus Benediktsson
gegn
Jóni Helgasyni.

D ó m u r:

Í skuldaskiftamáli, er emerítprestur Lárus Benediktsson höfðaði í héraði gegn Jóni Helgasyni kaupmanni, gekk dómur á bæjarþingi Reykjavíkur 9. júní